

KIRKJUGARÐARÁÐ

120. fundur haldinn 9. febrúar 2015 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Fundinn sátu Ragnildur Benediktsdóttir formaður, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Indriði Valdimarsson sat fundinn í forföllum Smára Sigurðssonar og Valtýr Valtýsson boðaði forföll.

Gestir: Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir sat fundinn undir lið 2 og Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir lið 4.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl.13:00

2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2015

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti umsóknirnar.

3. Fundargerð síðasta fundar

Lögð fram og samþykkt.

4. Greiðslu- og fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2015

Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri kynnti.

5. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2015

Þórsteinn tók ekki þátt í ákvörðun um styrk til Kirkjugarða Reykjavíkur og KGSÍ. Indriði Valdimarsson tók ekki þátt í ákvörðun styrkjar vegna KGSÍ. Ákveðið var að óska eftir fundi með kirkjugarðastjórn Stóra Núpskirkjugarðs til að ræða nánar fjárhagsstöðu garðsins og hvernig væri hægt að leysa hana og var umsókn frá þeim frestað. Alls var úthlutað 49,2 millj. kr. til 41 verkefni.

Kirkjugarður	Úthl. 2015	Verkefni
Austfjarðarprófastsdæmi		
Skeggjastaðakirkjugarður	200	Endurnýja sáluhlið.
Sleðbrjótur	400	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins
Eiðar	1.100	Endurnýja umgjörð og sáluhlið og breyta aðkomu
Suðurprófastsdæmi		
Skeiðflatasókn v/Sólheimakapellukirkjug.	200	Ljúka við að helluleggja stíg.
Ásólfskálaskókn v/Holtskirkjugarðs	600	Endurgirða hluta garðsins og bæta aðgengi að garðinum.
Eyrbakkaskókn v/Kaldaðarneskirkjug.	350	Lagfæra steipt sáluhlið
Hrunakirkjugarður	2.000	Endurnýja umgjörð garðsins með hlöðnum grjótvegg.
Stóra-Núpskirkjugarður	frestað	Greiða niður lán til kirkju.

Ólafsvallakirkjugarður	800	Greiða niður lán til kirkju.
Skálholtskirkjugarður	700	Að afmarka norðurhlið kirkjugarðsins með lágum torfvegg.
Kjalarnesprófastsdæmi		
Hvalsneskirkjugarður	500	Ganga frá torgi við aðkomu kirkjugarðsins og minnisvarða.
Kirkjugarðar Keflav.	1.500	Lagfæra Hólbergskirkjugarð.
Reykjavíkurrófastsdæmi		
Kirkjugarðar Rvk.pr. v/Gufuneskirkjug.	11.000	Vegna stækkunar og frágangs nýrra grafarsvæða.
Vesturlandsprófastsdæmi		
Reykholt	1.000	Hlaða upp vegg á austurhlið kirkjugarðsins.
Borgarnes	2.000	Greiða niður skuld vegna framkvæmda.
Akrakirkjugarður	300	Ljúka við timburgirðingu og setja upp flaggstöng.
Kvennabrekkusókn v/Sauðafellskirkjug.	700	Byrja á að hlaða upp veturhlið kirkjugarðsins.
Vestfirjarprófastsdæmi		
Reykhólar	1.000	Stækka og endurnýja umgjörð kirkjugarðsins.
Stóra-Laugardalskirkjugarður	600	Vinna skipulag af endurbótum á kirkjugarðinum.
Mýrarkirkjugarður	250	Leggja rafmagn í garðinn.
Núpskirkjugarður	900	Ljúka framkvæmdum við lagfæringar á garðinum.
Kaldrananeskirkjugarður	500	Greiða niður skuld við banka.
Húnav- og Skagafjarðarpr		
Melstaðarkirkjugarður	700	Lagfæra innan garðs til að auðvelda umhirðu.
Höskuldsstaðarkirkjugarður	900	Lagfæring á garði og huga að gömlum minningarmörk.
Glaumbæjakirkjugarður	0	Snyrta og hirða kirkjugarðinn.
Rípurkirkjugarður	800	Hlaða upp framhlið kirkjugarðsins.
Goðdalakirkjugarður	500	Lagfæra hlaðinn vegg.
Eyjafj- og Þingeyjarpróf.		
Kg. Laugal.pr.v/Saurbæ.	1.100	Ljúka endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins í Saurbæ.
Kg.Laugal.pr.v/Munkaþveráirkirkjugarðs.	800	Gagna frá bílastæði.
Svalbarðseyrarkirkjugarður	2.000	Greiða niður lán vegna lagfæringa garðs og bílastæðis.
Þóroddsstaðir	800	Afmarka garðinn með lágri timburgirðingu.
Kirkjugarðar aflagðir eða án sóknar.		
Hróasholt í Flóa	400	Girða og setja upp hlið.
Arnarbæli í Ölfusi	400	Bæta aðgengi og koma fyrir söguskilti í garðinum.
Krýsuvíkirkirkjugarður	500	Endurhlaða norðurhlið kirkjugarðsins.
Húsafellskirkjugarður	500	Útbúa teikningar af fyrirhuguðu legsteinahúsi.
Otradalur í Arnarfirði	400	Slá og snyrta kirkjugarðinn.
Kirkjuból í Langadal	700	Slá og hefja lagfæringar á kirkjugarðinum
Annað		
KGSÍ v/þjónustusam.	6.500	Endurnýjun á þjónustusamningi.
Gömul járnminningarmörk	1.300	Lagfæring á gömlum minningarmörkum.
Ýmsir kirkjugarðar	700	Undirbúningur, skráning og frumhönnun.
Óráðstafað	3.600	Til ráðstöfunar í styrki seinna á árinu ef með þarf.
SAMTALS:	49.200	

6. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2015 og einingarverð vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar

Þórsteinn gerði grein fyrir stöðu mála. Kirkjugarðaráð samþykkti eftirfarandi skiptingu.

Hér fyrir neðan eru núgildandi einingaverð til kirkjugarða. **Vakin er athygli á því að grafartekjur vegna kistugrafa lækka milli ára 2014 og 2015 um 5% nema í 4. fl. sem hækkar um 6,6%. Lækkun verður um 24% vegna duftgrafa í þéttbýli en duftgrafir hækka um 5% í dreifbýli. Lækkun grafarverðs er til kominn vegna þess að 13 m.kr. voru aukalega settar í grafarsjóðinn sl. ár (uppsafnaður afgangur ára á undan) en nú er aðeins til varasjóður ef andlát verða fleiri en spáð er. Þeir garðar sem hækka, hafa fengið á sig hærri hlutfallskostnað vegna hækkunar á akstursgjaldi presta og er verið að reyna að jafna það upp.**

Gildir 2015	Umhirðutekjur á fermetra	Grafartekjur á gröf	viðb.fm. v/grafar
	<i>nettó (kr/m²)</i>	<i>nettó</i>	
Stærðarflokkur 1, 2	144	89.519	3
Stærðarflokkur 3	215	89.519	4
Stærðarflokkur 4	352	89.519	5
Stærðarflokkur 5*	499	79.751	5
Stærðarflokkur 6	594	79.751	7,5
Stærðarflokkur 7	594	79.751	7,5
Stærðarflokkur 8	737	79.751	9,5
Stærðarflokkur 9 og 10	737	72.303	9,5
Stærðarflokkur 11 duftker í þéttb.	770	42.229	1,5
Stærðarflokkur 12 duftker í dreifb.	Skv. stærðarfl.	58.560	1,5

*Dreifbýlisgarðar í þessum flokki fá greitt kr. 89.519 fyrir kistugröf.

7. Bréf frá stjórn Skálholtsfélags hins nýja

Lagt fram til kynningar.

8. Fundur um rafræna ársreikninga sókna og kirkjugarða

Ákveðið var að Þórsteinn sækti fundinn f.h. Kirkjugarðaráðs.

9. Hugmyndir að gerð forrits (apps) fyrir KGSÍ og aðgangur að gögnum Kirkjugarðaráðs í tengslum við þá vinnu

Lagt fram til kynningar.

10. Skipan nefndar um fjármál kirkjugarða o.fl. Staða mála

Þórsteinn gerði grein fyrir vinnunni sem hófst að marki nú fyrir áramót.

11. Næsti fundur

Næsti fundur 2. mars kl. 13:00.

12. Önnur mál.

Kristín Huld gerði grein fyrir stöðu mála vegna stefnumótunarvinnu Minjastofnunar Íslands og aðkomu Kirkjugarðaráðs að aðgerðaáætlun stofnunarinnar. Beinist það fyrst og fremst að skráningarmálum, verndun kirkjugarða og viðgerð á minningarmörkum.

Þórsteinn kynnti hvort hægt væri að setja hækkun á greiðslu til presta inn í samninginn við ríkið. Fulltrúa kirkjugarðaráðs í nefnd um fjármál kirkjugarða falið að koma á framfæri að taka þurfi tillit til hækkunar á greiðslu til presta í nefndinni.

Fundi slitið kl. 17:05.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari